

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 27. maí 2021: Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um kostnað vegna tilraunaverkefnis um rafræna upplýsingagjöf til innflytjenda

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að vita hver sér kostnaðurinn við tillögu 1.- 4. í gögnum segir aðeins að kostnaður sé innan ramma þjónustu- og nýsköpunarsviðs og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu? Hverjar eru þessar upphæðir? eru þær teknar af 10 milljarða innspýtingu til þjónustu- og nýsköpunarsviðsins eða af almennu rekstrarfé? Óskað er sundurliðunar kostnaðar eftir tillögum. Um er að ræða eftirfarandi tillögur: 1. Tillaga um að búa til viðmótið á ensku Can I help you? 2. Tillaga um þýðingar á Spurt og svarað á vef, FAQ, á ensku og pólsku. 3. Tillaga um svör við algengum spurningum um málefni innflytjenda. 4. Tillaga um þjálfun tveggja þjónustufulltrúa þjónustuvers í samstarfi við sérfræðinga mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu auk þess að vinna upplýsingaefni.

R19050087